

# Ársskýrsla Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum fyrir árið 2017

## Inngangur

Á árinu 2017 var uppbygging skólastarfsins í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum öflugt og var megináhersla á að efla lærðómssamfélagið í skólanum og vinna eftir hugmyndafræði og stefnu skólans.

## Nemendur

Á vorönn 2017 voru 210 nemendur í skólanum og á haustönn 2017 voru þeir 236. Nær allir nemendur skólans eru úr Vestmannaeyjum. Langflestir sem ljúka námi í 10 bekk Grunnskóla Vestmannaeyja halda námi sínu áfram við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum.

Kynjahlutfall er svo til jafnt. Enn eru nemendur á námsbrautum skv. eldri námskrám en þeim fer fækkandi þar sem ekki eru leyfðar innritanir á þær brautir.

Heiti brautar	Vorönn 2017	Haustönn 2017
Almenn námsbraut <sup>1</sup>	2	
Framhaldsskólabréu	14	29
Félagsfræðibraut	17	12
Stúdentspróf-félagsvíśindalína	32	63
Grunnnám í málm- og veltækni	3	1
Náttúrufræðibraut	8	4
Stúdentspróf-náttúrvíśindalína	76	56
Ótilgreint nám <sup>2</sup>	5	10
Skipstjórnarbraut	1	1
Sjúkraliðabréu	10	10
Sjúkraliðabréu	4	4
Stúdentspróf-opin lína	2	12
Starfsbraut	8	7
Vélstjórnarbraut 750 kw réttindi	0	1
Véstjórnarbraut 1500 kW réttindi	17	26
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	

<sup>1</sup> Innritun er hætt á ær brautir sem eru skáletraðar.

<sup>2</sup> Nemendur sem eru skráðir í eina og eina námsgrein, flestir í einn áfanga í málmsmiði.

<b>Árgangur</b>	<b>Vor 2017</b>	<b>Haust 2017</b>
1961-1993	34	32
1994	5	4
1995	3	3
1996	10	6
1997	19	11
1998	39	30
1999	47	48
2000	44	41
2001	9	50
2002		11


<b>Kyn</b>	<b>Vor 2017</b>	<b>Haust 2017</b>
KK	106	116
KVK	104	120

Nemendur sem ekki ljúka grunnskóla með tilskyldum árangri innritast inn á Framhaldsskólabrú. Þetta eru nemendur með einkunnina D í 1-3 kjarnagreinum eða með stjörnumerkta einkunnir sem merkir að þeir hafa ekki lokið námsefni grunnskólans að fullu við lok 10.bekkjar.

þar er er 1-4 anna nám allt eftir því hversu mikinn undirbúning nemendur þurfa til að geta tekist á við það nám sem hugur þeirra stendur til. Nemendur fá aukna umsjón og samstarf er við forráðamenn. Áfangarnir sem þeir sækja eru fámennir og námstæknir er áherslu. Jafnframt því að sækja almenna áfanga taka þeir áfanga í lífsleikni þar sem áhersla er á að styrkja sjálfsmynd nemanda og efla vakandiugarfar.

## Brotthvarf

Brotthvarf á árinu 2017 í skólanum var mjög lítið, 5,2% á vorönn og 3,3% á haustönn.



## Nám

Boðið er upp á bæði bóknám og starfsnám í skólanum auk þess sem starfrækt er starfsbraut fyrir fatlaða. Námsframboðið er í samræmi við áherslur skólans og ráðuneytis og þörfum samfélagsins og er fjölbreytt. Nám á framhaldsskólabrú er ætlað nemendum sem hafa ekki nægan undirbúning fyrir nám á öðrum brautum. Boðið er upp á þrjár línur í 200 eininga stúdentsprófi. Starfsbraut fyrir fatlaða er 8 anna námsbraut ætluð nemendum sem hafa fötlunargreiningu og fylgja flestir einstaklingsnámskrá í náminu. Starfrækt er sjúkraliðabraut og sjúkraliðabréu fyrir nemendur sem vilja ljúka prófum sjúkraliða og uppfylla ákveðin skilyrði til að geta tekið námið á styttri tíma. Grunndeildir málmiðngreina eru í boði og vélstjórnarnám á fyrstu tveimur stigunum. Sífellt er verið að rýna í það námsframboð sem er í boði og huga að hvað það er sem nemendur vilja helst læra og hverju atvinnulífið er að kalla eftir. Krafa er um aukið iðnám og verður orðið við því haustið 2018.

## Starfsmenn

Tveir stjórnendur eru í skólanum, skólameistari og aðstoðarskólameistari, báðir í 100% stöðu. Við skólann starfa tveir deildarstjórar í hlutastarfí annar í verknáminu og hinn hefur umsjón með starfsbrautinni og framhaldsskólabrúnni. Einn námsráðgjafi er við skólann í 70% stöðu Kennrarar á haustönn voru 20 í 16 stöðugildum og aðrir starfsmenn 6 í 3,8 stöðugildum.

Heildarstarfsmannafjöldi var því 29. Flestir kennrarar eru með kennsluréttindi og háskólamenntun í sinni kennslugrein og þeim fjölgar sífellt sem hafa meistarapróf.

Kennsluhættir skólans eru í aðalatriðum þannig að notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir og eftir að skil á milli prófatíma og kennslutíma voru lögð af höfum við verið að velja aðrar leiðir við námsmat en hefðbundin lokapróf. Til að styðja við breytingar á kennsluháttum höfum við innleitt verkefni þar sem kennarar setja sér markmið og vinna að þeim sem hópur.

Kennsluaðferðirnar miða að því að nemendur séu virkir þátttakendur í námi sínu og beri ábyrgð á að ná árangri.

## **Mat**

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum notar stefnumiðað árangursmat við innra mat auk þess sem skólinn vinnur eftir gæðahandbók.

## **Fjármál, rekstur og aðbúnaður**

Fjárhagsleg staða skólans er í jafnvægi, þannig er kostnaður við rekstur skólans í samræmi við fjárheimildir. Skólinn tók þátt í umfangsmiklum hagræðingaraðgerðum fyrir tveimur árum og þær aðgerðir skiliðu árangri.

## **Samstarf við aðra**

Skólinn á í samstarfi við skóla í Fjarmenntaskólanum ýmsa aðila í Vestmannaeyjabæ s.s. grunnskóla Vestmannaeyja, Visku símenntunarstöð, Nýsköpunarmiðstöð, Íþróttafélag ÍBV, Golffélag Vestmannaeyja. Skólinn tekur þátt í erlendu samstarfi.

Vestmannaeyjum 05.06.2018

Helga Kristín Kolbeins  
skólameistari